

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf.

Ársreikningur 2022

Skipholti 50B
105 Reykjavík

Kt. 430403-3110

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Áritun og skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Skýringar	7

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ehf. fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2022, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022 og efnahag þess 31. desember 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Óhæði

Við erum óháð Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ehf. og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp fyrirtækið eða hætta starfsemi þess, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- * Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnu og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- * Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- * Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- * Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Reykjavík, 5. júní 2023

Ingunn H. Hauksdóttir
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Aðalstarfsemi félagsins er menntun og fræðsla fyrir fólk á vinnumarkaði. Fjöldi ársverka voru 14,7.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var rekstrarafgangur ársins 2022 kr. 396.688. Hrein eign félagsins í árslok nam kr. 6.665.346. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

Hluthafar í upphafi og lok árs voru fimm:

Samtök atvinnulífsins	40%
Alþýðusamband Íslands	40%
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja	10%
Samband íslenskra sveitarfélaga	5%
Ríkissjóður Íslands (Fjármálaráðuneytið)	5%

Stjórn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ehf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 5. júní 2023

Stjórn:

Eyrún Björk Valsdóttir

Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Einar Mar Þórðarson

Fríða Rós Valdimarsdóttir

Jóna Jónsdóttir

Óskar Hafnfjörð Gunnarsson

Stefán Karl Snorrason

Framkvæmdastjóri:

Hildur Betty Kristjánsdóttir

Rekstrarreikningur 2022

Rekstrartekjur	Skýr.	2022	2021
Framlag ríkissjóðs		141.200.000	135.900.000
Verkefnatekjur	8	102.946.100	90.953.165
		<u>244.146.100</u>	<u>226.853.165</u>
Rekstrargjöld			
Verkefnakostnaður	9	78.761.336	74.102.511
Laun og launatengd gjöld	3	125.308.831	135.913.681
Annar rekstrarkostnaður	11	37.386.114	37.125.178
Afskriftir	4	97.077	172.325
		<u>241.553.358</u>	<u>247.313.695</u>
		Rekstrarhagnaður (-tap)	2.592.742 (20.460.530)
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		1.350.272	94.929
Vaxtagjöld		(229)	(1.206)
Gengismunur		(3.249.036)	(2.655.755)
Fjármagnstekjuskattur		(297.061)	(20.884)
		<u>(2.196.054)</u>	<u>(2.582.916)</u>
		Rekstrarafgangur (rekstrartap) ársins	396.688 (23.043.446)

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2022	2021
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	4	439.255	536.332
Fastafjármunir samtals		<u>439.255</u>	<u>536.332</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		4.216.448	843.961
Aðrar skammtímakröfur		170.977	169.583
Handbært fé		49.866.446	67.841.534
Veltufjármunir samtals		<u>54.253.871</u>	<u>68.855.078</u>
Eignir samtals		<u><u>54.693.126</u></u>	<u><u>69.391.410</u></u>

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er einkahlutafélag og er megin starfsemi félagsins fólgin í menntun og fræðslu fyrir fólk á vinnumarkaði. Lögheimili félagsins er að Skipholti 50B, 105 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Stjórnendur félagsins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að fyrirtækið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Gengismunur

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í árslok. Gengismunur sem myndast vegna þessa er færður í rekstrarreikning.

Gengi í árslok:

	31.12.2022	31.12.2021
EUR	151,50	147,60
DKK	20,37	19,85

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

Skýringar

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til fyrirtækisins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Verkefnatekjur

Tekjur og gjöld eru færð í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu hvers verksamnings, ef hægt er að meta verkstöðu með áreiðanlegum hætti. Félagið notar áfangainnlausn tekna til að ákvarða hversu stóran hluta af heildartekjum skal færa á hverju tímabili. Framvinda verksins er metin með hliðsjón af hlutfalli áfallins kostnaðar af heildarkostnaði hvers samnings á reikningsskiladegi.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Tekjuskattur

Félagið er framtalsskylt, en ekki skattskytt, og kemur því ekki til álagningar tekjuskatts.

3. Laun og launatengd gjöld

	<u>2022</u>	<u>2021</u>
Laun	137.158.816	145.581.748
Hlutdeild verkefna í launum FA	(40.050.942)	(63.623.652)
Ökutækjastyrkur	8.539.240	10.279.740
Mótframlag í lífeyrissjóð	18.516.448	19.653.518
Sjúkra-, orlofs-, og endurmenntunarsjóður	2.459.115	2.590.761
Áunnið orlof	(2.351.465)	1.335.134
Tryggingagjald	10.427.619	10.706.432
Gjaldfærð áætluð laun	(9.390.000)	9.390.000
Laun og launatengd gjöld alls	<u>125.308.831</u>	<u>135.913.681</u>

Fjöldi ársverka var 14,7 (2021: 15,8).

Skýringar

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Áhöld og tæki
Stofnverð 1/1	3.599.648
Afskrifað alls 1/1	(3.063.316)
Bókfært verð 1/1	536.332
Afskrifað á árinu	(97.077)
Bókfært verð 31/12	439.255
Stofnverð alls 31/12	3.599.648
Afskrifað alls 31/12	(3.160.393)
Bókfært verð 31/12	439.255
Afskriftarhlutföll	35%

5. Eigið fé

Hlutfé félagsins nam kr. 625.000 í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1/1	625.000	5.643.658	6.268.658
Rekstrarafgangur ársins.....		396.688	396.688
Eigið fé 31/12	625.000	6.040.346	6.665.346

6. Leigusamningar

Félagið hefur gert tímabundinn húsaleigusamning til 31. desember 2025. Gjaldfærð leigugreiðsla vegna desembermánaðar var í kringum 1.018 þús.kr. Leigufjárhæðin tekur breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

7. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engin atriði hafa komið fram eftir dagsetningu efnahagsreiknings sem krefjast myndu lagfæringa eða breytinga á ársreikningi ársins 2022.

Skýringar

	2022	2021
8. Verkefnatekjur		
Career Change - Norplus.....	155.920	173.929
EA-Pro.....	0	300.000
Enterprised.....	6.047.819	2.509.683
EQM.....	14.049.665	1.466.624
Erasmus starfsþróun.....	1.451.774	0
GOAL.....	2.530.935	450.000
Hæfnisetur ferðapjónustunnar.....	48.326.570	54.508.271
Norræn net.....	7.584.590	8.150.600
NVL Ísland.....	17.695.812	2.630.211
Næsta skref.....	0	14.817.377
Raunfærnimat í atvinnulífínu.....	1.600.000	4.365.334
Sértekjur.....	3.503.015	1.581.136
	<u>102.946.100</u>	<u>90.953.165</u>
9. Verkefnakostnaður		
EQM.....	4.743.864	0
Erasmus starfsþróun.....	1.451.774	0
Career Change.....	155.920	173.929
Hæfnisetur ferðapjónustunnar, (skýr. 10).....	48.326.570	53.508.271
Enterprised.....	3.530.841	509.683
NVL Ísland.....	15.495.812	2.538.027
Næsta skref / NOVA.....	1.944.121	15.284.001
Raunfærnimat í atvinnulífínu.....	0	2.088.600
Com(m) online.....	2.531.431	0
Transval EU.....	581.003	0
	<u>78.761.336</u>	<u>74.102.511</u>
10. Verkefnakostnaður Hæfnisetur ferðapjónustunnar		
Hlutdeild í launum.....	40.050.942	50.076.223
Annar kostnaður.....	1.370.855	537.289
Kynningarkostnaður.....	6.338.809	2.434.448
Ferðakostnaður.....	565.964	460.311
	<u>48.326.570</u>	<u>53.508.271</u>

Skýringar

	2022	2021
11. Annar rekstrarkostnaður		
Húsaleiga.....	11.759.363	10.959.215
Rekstur og breytingar húsnæðis.....	3.400.721	3.341.989
Sími og internet.....	662.400	787.847
Burðargjöld.....	6.358	25.329
Pappír, prentun og ritföng.....	57.089	1.063.820
Bækur, blöð og tímarit.....	75.802	1.214.543
Auglýsingar og styrkir.....	2.234.786	1.545.369
Rekstur og innkaup tölvubúnaðar.....	5.641.182	4.901.997
Rekstur nemendabókhalds.....	5.398.148	4.940.119
Endurskoðun og reikningsleg aðstoð.....	3.142.687	3.111.352
Sérfræðipjónusta.....	481.939	753.936
Félags- og aðildargjöld.....	69.700	60.000
Ferðakostnaður.....	1.392.846	694.703
Fundakostnaður.....	140.199	284.248
Rekstur kaffistofu.....	1.894.565	2.017.553
Annar starfsmannakostnaður.....	764.528	958.663
Afskrifaðar tapaðar kröfur.....	0	5.000
Ýmis annar kostnaður.....	263.801	459.495
	<u>37.386.114</u>	<u>37.125.178</u>
12. Fyrirframminnheimtar tekjur vegna verkefna		
Career Change.....	1.317.673	928.244
Com(m) - online.....	0	300.696
Enterprise.....	0	1.215.359
EQM.....	2.445.053	8.833.217
Erasmus starfsþróun.....	570.167	2.021.941
Hæfnisetur ferðapjónustunar.....	8.741.420	1.423.839
NOVA.....	2.530.175	5.835.976
NVL Ísland.....	5.735.408	7.989.938
Næsta skref.....	0	(1.466.083)
Raunfærnimat í atvinnulífinu.....	0	1.600.000
Transval - EU.....	255.023	836.026
EA - Pro Evrópuval.....	44.744	44.744
	<u>21.639.663</u>	<u>29.563.897</u>

Skýringar

	2022	2021
13. Aðrar skammtímaskuldir		
Lánadrottnar.....	6.055.473	1.429.496
Ógreiddir reikningar.....	204.365	0
Ógr. kreditkort.....	68.919	65.729
Starfsmannasjóður.....	298.710	391.020
Ógr. lífeyrissjóðsiðgjöld	2.210.476	2.388.222
Ógr. stéttarfélagsgjöld.....	257.938	271.635
Ógr. skattar starfsmanna.....	3.142.237	3.090.361
Ógr. tryggingagjald.....	881.385	912.313
Áunnið orlof starfsmanna.....	13.268.614	15.620.079
Ógr. áætluð laun.....	0	9.390.000
	<hr/>	<hr/>
	26.388.117	33.558.855